**Umsókn um efnistöku úr Fjarðará**
**- Framkvæmdaleyfi -**

## Umsókn

Vegagerðin (Vg), kt. 680269-2899, Suðurhrauni 3, 210 Garðabæ, sækir hér með um, framkvæmdaleyfi fyrir viðbótar 20.000 m³ efnistöku úr Fjarðará í Lóni svæði [E16 og E17; sjá mynd 1] umfram þá 49.900 m³ efnis sem veitt var framkvæmdarleyfi fyrir 11. mars 2024. Efnið verður nýtt í framkvæmdina „*Hringvegur 1 um Hornafjörð*“ (sjá mynd 1) Náman er tilgreind í MÁU fyrir verkefnið (náma 8, sjá meðfylgjandi). Þegar hafa verið teknir 41.000 m³ efnis á svæði [E17], en öll frekari efnistaka, að hámarki 28.900 m³, mun fara fram á svæði [E16] sunnan þjóðvegar og innan afmarkaðs svæðis á mynd 2.

Efnistaka mun fara fram í samræmi við áður framlögð leyfi og kröfur Fiskistofu varðandi efnistökuna.

VSÓ vann matsskyldufyrirspurn fyrir Vg til Skipulagsstofnunar vegna efnistökunnar (sjá fylgigagn með umsókn; *Greinargerð framkvæmdaraðila, nóv. 2024*). Mat Skipulagsstofnunar liggur fyrir um að efnistakan sé ekki matsskyld þó svo að heildar efnistaka fari yfir 50.000 m³.
<u>Kærufrestur þeirrar ákvörðunar var til 10. mars 2025.</u>




***Mynd 1:*** *Fjarðará, svæði E16 og E17 (aðalskipulag Hornafjarðar 2012-2030)*



***Mynd 2:*** *Áætluð efnistökusvæði ofan og neðan vegar (efnistaka verður á mun afmarkaðra svæði).*

F.h. Vegagerðarinnar

______________________________

Axel Viðar Hilmarsson,
Verkefnisstjóri framkvæmdar

MÁU:

**Náma 8: Fjarðará**



**Mynd 8.8:** Áreyrar Fjarðarár, að mestu ógrónar.

| Tafla 8.9 Náma 8 | |
|---|---|
| Jarðmyndun | Áreyrar |
| Staða efnistöku | Frágengin náma |
| Jörð | Syðri-Fjörður |
| Forgangur | B |
| Nýting | Efra burðarlag |
| Notað í leið | 1, 2, 3, 1v/2a, 1v/3a og 3v/1a |
| Flatarmál | 32.000 $m^2$ |
| Vinnslumagn | 35.000 $m^3$ |
| Vinnsludýpi | 1-2 m |
| Frágangur | Fláar |
| Gróðurlendi | Lítt gróið |
| Þekja | <10% |
| Svarðlag | Nei |
| Sáning | Nei |
| Verndargildi | 4. flokkur |
| Skipulag | Nei |

*Almenn lýsing*

Náman er á áreyrum Fjarðarár í Lóni, ofan brúar en námusvæðið er í um 600 m fjarlægð frá Hringvegi og liggur námuvegur að svæðinu. Áreyrarnar eru að mestu gróðursnauðar. Efnistaka hefur áður farið fram á svæðinu en ummerki um hana eru hverfandi.

*Vinnsla og frágangur*

Náman verður notuð í efra burðarlag, reyndar er náman í nokkuð mikilli fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu og yrði því einungis notuð ef ekki fæst nægjanlegt efni úr námu 6 (Tafla 8.9). Gert er ráð fyrir að taka efni niður á 1-2 m dýpi og verður farvegur Fjarðarár dýpkaður og breikkaður. Frágangur námusvæðisins mun felast í því að jafna út alla bakka og slétta úr ójöfnum á svæðinu. Fjarðará mun geta runnið um svæðið og þannig mun hún sjá um lokafrágang.

*Verndargildi*

Ekki er um sérstæðar jarðmyndanir að ræða né gróðurfar og því telst svæðið hafa lágt verndargildi (4. flokkur).

## Skipulagsstofnun:

**Fw: Hringvegur um Hornafjörð - aukin efnistaka úr Fjarará - ákvörðun um matsskyldu**
Erla Björg Aðalsteinsdóttir
To: Axel Viðar Hilmarsson - VG
Attachments: image001.jpg
Sent: 10.2.2025 11:04

Sæll Axel, ákvörðun Skipulagsstofnunar um efnistöku úr Fjarðará er komin, framkvæmdin er ekki háð umhverfismati.

**Kveðja,**
**Erla Björg Aðalsteinsdóttir**
Umhverfis- og auðlindafræði M.Sc
Umhverfi og skipulag

**VSÓ** RÁÐGJÖF
Borgartúni 20, 105 Reykjavík, Ísland
sími: 585 9195

gsm: 849 0502
netfang: erla@vso.is
heimasíða: www.vso.is

---

***Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst.***
*Þessi tölvupóstur og viðhengi hans getur innihaldið trúnaðarupplýsingar eingöngu ætlaðar þeim sem hann er stílaður á.*
*Ef póstur þessi berst fyrir mistök þá vinsamlegast gerið sendanda viðvart og eyðið póstsendingunni.*

---

**From:** Jón Smári Jónsson - SLS <Jon.Smari.Jonsson@skipulag.is>
**Sent:** Monday, February 10, 2025 11:00 AM
**To:** Erla Björg Aðalsteinsdóttir <erla@vso.is>
**Subject:** Hringvegur um Hornafjörð - aukin efnistaka úr Fjarará - ákvörðun um matsskyldu

Góðan dag,

Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu ofangreindrar framkvæmdar er nú aðgengileg á vef Skipulagsgáttarinnar https://skipulagsgatt.is/issues/2024/1385

Ákvörðun Skipulagsstofnunar er að framkvæmdin sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Kærufrestur er til 10. mars 2025.

Með kveðju,

**Jón Smári Jónsson**
Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland
sími 595 4100
Jon.Smari.Jonsson@skipulag.is
www.skipulag.is
www.facebook.com/skipulagsstofnun